

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps, landbúnaðarsvæði í landi Bíldsells III.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. júlí 2012 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 4. apríl 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 3. maí 2012.

Í breytingunni felst að fellt er niður 15 ha svæði fyrir frístundabyggð F8a og efnisnáma E6d og kemur landbúnaðarsvæði þess í stað.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. júlí 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. júlí 2012